

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030
vegna miðhafnarsvæðis á Húsavík.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 18. október 2012 breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 vegna miðhafnarsvæðis, sem samþykkt var í sveitarstjórn Norðurþings þann 18. september 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 11. október 2012.

Í breytingunni felst að svæði V1/H4, Bakkinn og Hafnarstétt stækkar úr 1,2 ha í 2,0 ha og verður landnotkun á syðsta hluta svæðisins breytt út hafnarsvæði í hafnarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 18. október 2012.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 1. nóvember 2012